

**Nd.**

## **423. Breytingartillögur**

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Sameining yfirstjórnar póst- og símamála fer fram, þegar er sýnt er, að það hefir fjárhagslegan sparnað í för með sér eða telst að öðru leyti nauðsynlegt.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Laun póst- og símamálastjóra skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Taki núverandi landssímastjóri eða póstmálastjóri við póst- og símamálastjóraembættinu, skal hann einn og sá í missa í launakjörum frá því, sem nú er, nema öðruvísi verði ákveðið í launalögum, og þjónustualdur hans teljast hinn sami og hann er talinn í hinu fyrra embætti. Hið sama gildir um aðra starfsmenn pósts og síma, sem hafa áfram embætti undir hinu nýja skipulagi í starfrækslu pósts og síma.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Í Reykjavík skal vera sérstakur póstmeistari, ritsímastjóri og bæjar-símastjóri. Starfsmenn þessa skipar ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, og ákveður starfssvið þeirra. Póst- og símamálastjóri getur falið póstmeistarann og ritsímastjóranum í Reykjavík eftirlit með starfrækslu pósts og síma annarsstaðar á landinu. — Ráðherra skipar enn fremur, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, gjaldkera, fulltrúa og yfirverkfærðing, og skulu skipunarbréf þeirra meðundirrituð af póst- og símamálastjóra. Aðra starfsmenn og aðstoðarmenn við póst- og símastörf skipar póst- og símamálastjóri, að fengnum tillögum ritsímastjórans eða póstmeistarans í Reykjavík, eftir því undir hvora starfsgreinina stöðurnar falla. Laun fastra starfsmanna við póst og síma skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Sbr. þó 2. gr.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:  
Landinu skal skipt í póst- og símaumdæmi, og ákveður ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, tölu þeirra og takmörk og skipar umdæmisstjóra. Umdæmisstjórar eru jafnframt póstafræðslumenn og síma- stjórar hinna stærri stöðva, eftir því sem við á, og skulu þeir, undir yfirstjórn póst- og símamálastjóra (sbr. þó 3. gr.) hafa eftirlit með starfrækslu pósts og síma, hver í sínu umdæmi.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
Á þeim stöðum utan Reykjavíkur, þar sem er bæði póstafræðsla og landssímastöð, skal sami maður gegna hvorutveggja starfinu, þegar það að áliti póst- og símamálastjóra telst haganlegt.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:  
Starfsmaður sá, sem skipaður hefir verið við póst eða síma áður en lög

Þessi öðlast gildi, skal álitinn skipaður í sömu stöðu við þessi störf áfr. án þess að nýtt skipunarbréf sé gefið út, nema starf hans sé lagt niður sem óþarft. Þó skal hann hlíta breyttri starfstillögum og verkaskiptingu samkvæmt þessum lögum og reglugerðum, sem ráðherra setur.

7. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Alþjóðasamningar og sérsamningar við erlendar póst- og símastjórnir, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög, enda má ákveða sektir við brotum gegn þeim.

8. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist: eftir því, sem þörf krefur.

9. Við 11. gr. Annar másl. („Frá þeim tíma -- vegna sameiningarinnar“) orðist svo: Jafnóðum og sameining sú á stjórn og starfrækslu pósts og síma, sem í lögnum felst, er á komin, falla niður þær stöður, sem óþarfar verða vegna sameiningarinnar.